

Þinggerð

70. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti

Félagsheimilinu Hnífsdal 16.-17. september 2025.



Þriðjudaginn 16. og miðvikudaginn 17. september 2025 er 70. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið í Félagsheimilinu Hnífsdal, Ísafjarðarbæ, þingið er sett kl. 10:33.

Dagskrá þingsins má sjá nánar í þingskjali 1. Atkvæðavægi sveitarfélaga má sjá í þingskjali 2.

Þingsetning

Formaður Fjórðungssambands Vestfirðinga, Gylfi Ólafsson setur þingið og býður þingfulltrúa og fundargesti velkomna.

Gylfi gerir að tillögu að þingforseti verði Steinunn Guðný Einarsdóttir, Ísafjarðarbæ. Tillagan er samþykkt með lófataki og tekur þingforseti Steinunn Guðný Einarsdóttir við fundarstjórn, býður hún gesti og þingfulltrúa velkomna og þakkar traustið.

Þingforseti gerir að tillögu sinni að Magnús Ingi Jónsson, Bolungarvíkurkaupstað verði varaþingforseti og að ritarar þingsins verði Magnús Þór Bjarnason og Steinunn Ása Sigurðardóttir starfsmenn Vestfjarðastofu. Tillagan samþykkt með lófataki.

Þingforseti fer yfir dagskrá þingsins og leiðbeiningar til þingfulltrúa varðandi þingsköp og vekur svo athygli á að þinghald er opið en því sé ekki streymt en erindin eru tekin upp. Fyrir þinginu liggja 11 ályktanir með fyrirvara um að fleiri berist þegar líður á þingsstörf, auk þess tillaga um breytingu á samþykktum þingsins er varðar atkvæðavægi og síðan tillögur fjárhagsnefndar er tengjast fjárhagsáætlun fyrir árið 2026.

Þingforseti bendir einnig á að upphafi haustþings skal kjósa eftirtaldar nefndir þingsins: Stjórnskipulagsnefnd, sem fjallar um samþykktir, þingsköp, starfsreglur og ályktanir sem varðar stjórnskipulag Fjórðungssambands og allsherjarnefnd, sem fjallar um ályktanir ársþings um mál sem hagsmuni landshlutans eins markmið og verkefni sem tekin verða upp á næsta starfsári Fjórðungssambandsins.

Þingforseti kynnir að tillaga sé komin að Sigríður Júlía Brynleifsdóttir verði formaður og Gerður Björk Sveinsdóttir varaformaður allsherjarnefndar. Þingforseti spyr hvort að fleiri tillögur séu til formanns, svo er ekki og er tillagan samþykkt með lófaklappi.

Þingforseti kynnir að tillaga sé komin að Ólafur Þór Ólafsson verði formaður og Jóhanna Ösp Einarsdóttir verði varaformaður stjórnskipulagsnefndar. Þingforseti spyr hvort að fleiri tillögur séu til formanns, svo er ekki og tillagan samþykkt með lófaklappi.

Þingforseti fer yfir mætingu á þingið og atkvæðavægi. Mættir voru 39 þingfulltrúa með 89% atkvæðavægi að meðtöldum umboðum, eða 8.485,8 atkvæði og þar með falla 11% atkvæði niður dauð, eða 1090.1 atkvæði.

Ávarp formanns – Gylfi Ólafsson

Gylfi Ólafsson flytur því næst ávarp formanns. Hann byrjar á að þakka samstarf með sveitastjórnnum og stjórn þetta tæpa ár sem hann hefur sinnt formennsku Fjórðungssambandsins. Formaður fer yfir helstu málefni landshlutans og brýningu til stjórnvalda í þeim efnum. Að lokum kynnir formaður þá ákvörðun stjórnar fyrir á þessu ári að endurhanna merki Fjórðungssambandsins og kynnti nýtt merki sambandsins. Að öðru leiti vísast í [þingskjal 4](#) og upptöku á <https://vimeo.com/1134161509>

Ávarp gesta

Eyjólfur Ármannson, innviðaráðherra

Innviðaráðherra flytur ávarp þar sem hann fer yfir sveitastjórnarmál, samgöngumál og fjarskipti ásamt byggðamálum. Að öðru leiti vísast í [ræðu ráðherra](#) og í upptöku á <https://vimeo.com/1133864009>

Arna Lára Jónsdóttir, þingmaður

Þingmaður flytur ávarp fyrir hönd þingmanna Norðvestur kjördæmis og fer yfir helstu mál er varða fjórðunginn, ásamt meðferð mála fyrir komandi þing. Að öðru leiti vísast í upptöku á <https://vimeo.com/1133464425>

Þingforseti gefur orðið laust fyrir stuttar fyrirspurnir

Innviðaráðherra Eyjólfur Ármannsson, Arna Lára Jónsdóttir þingmaður og María Rut Kristjánsdóttir þingmaður taka við stuttum fyrirspurnum.

Til máls tóku Eva Sigurbjörnsdóttir, Árneshreppi, Arinbjörn Bernharðsson, Árneshreppi, Sigríður Kristjánsdóttir, Vestfjarðastofu, Gerður Björk Sveinsdóttir, Vesturbyggð, Jón Páll Hreinsson, Bolungarvíkurkaupstað og Þorgeir Pálsson, Strandabyggð.

Upptöku má finna á <https://vimeo.com/1134145403>

Þingforseti lokar umræðum við þingmenn.

Þingforseti kynnir að samkvæmt samþykktum Fjórðungsambandsin eigi næst á dagskrá vera kynning á framkvæmd Sóknaráætlunar en þingforseti hafi ákveðið að sá liður færist undir dagskrárliðinn samstarfsverkefni sveitarfélaga hjá Vestfjarðastofu.

Framlagning þingmála

Þingforseti fór yfir efni þingskapa Fjórðungsþings og þær reglur sem gilda um þau. Tillögur þurfa að vera skriflegar, einnig breytingartillögur. Eftir hverja tillögu er orðið gefið laust og hver þingfulltrúi getur einungis kveðið sér hljóðs tvisvar í hverju máli, nema flutningsmaður og formenn nefnda. Síðan verður tillögunum vísað til nefndar. Þingforseti hvetur einnig þingfulltrúa til að vera gagnorða og sleppa öllum málalengingum. Þingforseti ítrekar að seinni umræða fari fram á miðvikudag að afloknum nefndarstörfum.

Þingforseti kynnti að fyrstu mál á dagskrá væru tillögur Fjárhagsnefndar. Þingforseti leggur til við þingið að orðið verði gefið laust um tillögur fjárhagsnefndar í einu lagi eftir að þær hafa verið kynntar.

Til máls tekur Bragi Þór Thoroddsen, varaformaður fjárhagsnefndar Fjórðungssambandsins, í fjarveru formanns. Hann kynnir tillögur fjárhagsnefndar Fjórðungssambands, tillögurnar eru;

- Tillaga um laun stjórnar og nefnda sjá þingskjal 5a,
- Tillaga um árstíllag sveitarfélaga, sjá þingskjal 5b,
- Tillaga um fjárhagsáætlun fyrir árið 2026 sjá þingskjal 5c
- Tillaga um fjárhagsáætlun til þriggja ára, sjá þingskjal 5d

Kynnti Bragi síðan greinargerð með fjárhagsáætlun fyrir árið 2026, sjá þingskjal 5e.

Þingforseti gefur orðið laust. Enginn kveður sér hljóðs. Þingforseti kynnir að fjárhagsnefnd muni koma saman til fundar á morgun og þingfulltrúum er boðið að taka þátt í störfum nefndarinnar.

Gylfi Ólafsson leggur fram tillögu að ályktun stjórnar að ályktun þingsins, Vestfirðir áfram gullkista.

Tillaga að ályktun um skuldbindingar hins opinbera varðandi innviðum Vestfjarða.

Flutningsmaður: Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga, þingskjal 7.

Þingforseti gefur orðið laust. Enginn kveður sér hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tekur Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir sem leggur fram tillögu stjórnar að ályktun þingsins.

Tillaga að ályktun um forgangsröðun samgönguverkefna á Vestfjörðum

Flutningsmaður: Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir, innviðanefnd Fjórðungssambandsins og stjórn

Fjórðungssambands Vestfirðinga, þingskjal 8. Þingforseti gefur orðið laust. Enginn kveður sér hljóðs.

Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tekur Þorgeir Pálsson sem leggur fram tillögu að stjórnar að ályktun þingsins.

Tillaga að ályktun um vetrarþjónustu Vegagerðarinnar í Strandabyggð.

Flutningsmaður: Þorgeir Pálsson fyrir hönd Strandabyggðar. Þingskjal 9

Þingforseti gefur orðið laust, enginn kveður sér máls. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tekur Matthías Lýðsson sem leggur fram tillögu að ályktun þingsins.

Tillaga um stöðu fjarskiptamála á Vestfjörðum.

Flutningsmaður Matthías Lýðsson fyrir hönd Strandabyggðar. Þingskjal 10

Þingforseti gefur orðið laust, enginn kveður sér máls. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tekur Þorgeir Pálsson sem leggur fram tillögu að ályktun þingsins.
Tillaga að ályktun um Strandabyggð sem þjónustumiðstöð Stranda og við Djúp,
Flutningsmaður Þorgeir Pálsson fyrir hönd Strandabyggðar, Þingskjal 11.
Þingforseti gefur orðið laust, enginn kveður sér máls. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar

Til máls tekur Hrefna Jónsdóttir leggur fram tillögu að ályktun þingsins.
Tillaga að ályktun um aukið samstarf í fræðslumálum,
Flutningsmaður: Hrefna Jónsdóttir fyrir hönd Reykhólahrepps. Þingskjal 12.
Þingforseti gefur orðið laust, enginn kveður sér máls. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tekur Jóhanna Ösp Einarsdóttir leggur fram tillögu að ályktun þingsins.
Tillaga að ályktun um kræklingarækt.
Flutningsmaður: Jóhanna Ösp Einarsdóttir fyrir hönd Reykhólahrepps. Þingskjal 13.
Þingforseti gefur orðið laust, enginn kveður sér hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tekur Þórkatla Soffía Ólafsdóttir leggur fram tillögu að ályktun þingsins.
Tillaga að ályktun um frumvarp um setningu laga um lagareldi.
Flutningsmaður: Þórkatla Soffía Ólafsdóttir, fyrir hönd Vesturbyggðar. Þingskjal 14.
Þingforseti gefur orðið laust, enginn kveður sér máls. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tekur Gerður Björk Sveinsdóttir leggur fram tillögu að ályktun þingsins.
Tillaga að ályktun um byggðakvóta.
Flutningsmaður: Gerður Björk Sveinsdóttir fyrir hönd Vesturbyggða. Þingskjal 15.
Þingforseti gefur orðið laust, enginn kveður sér hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tekur Gunnþórunn Bender sem leggur fram tillögu að ályktun þingsins.
Tillaga að ályktun um innviðagjöld,
Flutningsmaður: Gunnþórunn Bender fyrir hönd Vesturbyggðar. Þingskjal 16.
Þingforseti gefur orðið laust, enginn kveður sér hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tekur Magnús Ingi Jónsson sem leggur fram tillögu að ályktun þingsins.
Tillaga að ályktun um fyrirhugaðar breytingar á eftirliti með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum.
Flutningsmaður: Magnús Ingi Jónsson fyrir hönd Bolungarvíkurkaupstaðar. Þingskjal 17. Þingforseti gefur orðið laust, enginn kveður sér hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tekur Gylfi Ólafsson sem leggur fram tillögu að ályktun þingsins.
Tillaga að breytingu á 3. málsgrein 4. gr. samþykktu FV.
Flutningsmaður: Gylfi Ólafsson fyrir hönd stjórnar FV. Þingskjal 6.
Þingforseti gefur orðið laust, enginn kveður sér hljóðs. Tillögunni vísað til stjórnskipulagsnefndar.

Þingforseti kynnti nú að vegna veikindaleyfis formanns innviðanefndar sem kosin er á Fjórðungsþingi yrði kjósa til nýs formanns á þessu þingi. Kjörnefnd sem kosin var á sumarþingi í fyrra verður því kölluð saman nú í hádeginu til að vinna tillögu um kjör nýs formanns. Þingforseti kynnti að frá sumarþingi hafa orðið nokkrir sveitastjórnarfulltrúar hætt í sveitarstjórnnum og þar með í kjörnefnd. Af þessu sökum var í aðdraganda þingsins kallað var eftir að sveitastjórnir tilnefndu nýja fulltrúa og kynnti þingforseti nöfn þeirra.

Tillögur sveitarstjórna um eftirfarandi aðal og varafulltrúa í kjörnefnd 70. Fjórðungsþings Vestfirðinga að hausti;

Reykhólahreppur	Hrefna Jónsdóttir Vilberg Þráinsson	Aðalfulltrúi Varafulltrúi
Strandabyggð	Hlíf Hrólfsdóttir Þorgeir Pálsson	Aðalfulltrúi Varafulltrúi
Kaldrananeshreppur	Hildur Aradóttir Ísabella Benediktsdóttir	Aðalfulltrúi Varafulltrúi
Árneshreppur	Arinbjörn Bernharðsson	Aðalfulltrúi

Ísafjarðarbær	Eva Sigurbjörnsdóttir Sigríður Júlía Brynleifsdóttir Steinunn G Einarsdóttir	Varafulltrúi Aðalfulltrúi Varafulltrúi
Bolungarvíkurkaupstaður	Olga Agata Tabaka Kristín Ósk Jónsdóttir	Aðalfulltrúi Varafulltrúi
Súðavíkurhreppur	Bragi Þór Thoroddsen Aníta Björk Pálínudóttir	Aðalfulltrúi Varafulltrúi
Vesturbyggð	Gunnþórunn Bender Jóhann Örn Hreiðarsson	Aðalfulltrúi Varafulltrúi

Þingforseti kannar hvort fleiri tillögur væru fulltrúa í kjörnefnd, engin tillaga kom fram og óskaði þingforseti að nefndin kæmi saman til fundar.

Þingforseti gerir nú hlé á þingstörfum kl. 12.10 fyrir hádegishlé.

Þingforseti setur þingið aftur kl. 13:01 og gengið til boðaðar dagskrár um efni þingsins sem er í tveim liðum A og B.

Þingforseti gaf nú frummælendum orðið undir dagskrárlið A.

A. Efni draga að auglýsingartillögu Svæðisskipulags Vestfjarða 2026-2050 á grunni umsagna um vinnslutillögu og samspil með stöðu og uppbyggingu samgönguinnviða

Lilja Magnúsdóttir formaður Svæðisskipulags Vestfjarða fjallar um vinnslutillögu Svæðisskipulags Vestfjarða til næstu 25 ára. Við vinnu Svæðisskipulags hefur bjartsýni Vestfirðinga komið Lilju á óvart. Í júlí var lokað fyrir umsagnir við vinnslutillögu svæðisskipulags og umsögnum komið til ráðgjafa VSÓ til vinnslu. Fjallað hefði verið ítarlega um innviðamál og að hennar mati yrði að fara í undirbúningsrannsóknir á nauðsynlegum jarðgangaframkvæmdum, aldrei verður unnið eftir strikum á blaði. Lilja þakkar nefndinni og starfsmönnum nefndarinnar samstarfið. Að lokum ítrekaði henni væri hugleikinn sá andi sem kæmi fram í bjartsýni Vestfirðinga.

Að öðru leiti vísast í upptöku á <https://vimeo.com/1134195612>

Herdís Sigurgrímsdóttir, VSÓ fer yfir vinnu varðandi úrvinnslu umsaga við vinnslutillögu við svæðisskipulagsins. Flestar umsagnir vörðuðu náttúru og auðlindir og svo þar á eftir atvinnu og nýsköpun. Verkefni næsta misserið er að skýra stefnu í skipulagstillögu til auglýsingar. Flestar athugasemdir krefjast ekki beinna viðbragða sem tillögur að efnislegum breytingum. Huga verður að orðalagi við nokkur atriði s.s. landtöku skemmtiferðaskipa utan hafnarsvæða. Ræða þarf framtíðarverkefni varða meðal annars vindorku og að kröfu Skipulagsstofnunar hvar megi gera ráð fyrir þéttbýliskjörnum til framtíðar. Áréttir að lokum ef klára á Svæðisskipulag fyrir næsta sumar þurfa skipulagsnefndir sveitarfélaga að vinna hratt og en þó vanda umfjöllun.

Til máls tóku við umræður Gylfi Ólafsson Ísafjarðarbæ, Gunnþórunn Bender Vesturbyggð, Sölvi Guðmundsson Markaðsstofu Vestfjarða, Þorgeir Pálsson Strandabyggð, Ólafur Þór Ólafsson Reykhólahreppi, Jóhanna Ösp Einarsdóttir Reykhólahreppi, Matthías Lýðsson Strandabyggð, Jón Páll Hreinsson Bolungarvíkurkaupstað.

Að öðru leiti vísast í sömu upptöku og hjá Lilju á <https://vimeo.com/1134195612>

Smári Ólafsson frá VSÓ fjallar um forgangsröðun samgönguverkefna. Farið yfir matsþætti sem unnið er eftir og hvernig unnið er eftir þáttunum. Horft á hvern þátt fyrir sig og reynt að hafa vinnu eins einfalda og kostur er. Niðurstöður greininga fyrir vegaframkvæmdir og jarðgöngu kynntar og ólík hagkvæmni þeirra. Hann áréttaði að huga þurfi að bráðabirgða aðgerðum á þeim vegum sem ætla verður að verði leystir af með jarðgöngum enda taka þau verkefni langan tíma í undirbúningi og framkvæmd.

Til máls tóku við umræður Dagbjört Hjartadóttir Súðavíkurreppi, Gerður Ósk Sveinsdóttir Vesturbyggð, Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri Vestfjarðastofu, Gylfi Óskarsson Ísafjarðarbæ, Eva Sigurbjörnsdóttir Árneshreppi, Bragi Þór Thoroddsen Súðavíkurrepp, Guðrún Anna Finnbogadóttir teymisstjóri hjá Vestfjarðastofu, Þórkatla Ólafsdóttir Vesturbyggð og Lilja Magnúsdóttir formaður Svæðisskipulagsnefndar.

Að öðru leiti vísast í upptöku á <https://vimeo.com/1134534344>

B. Samstarf sveitafélaga á Vestfjörðum

Þingforseti kynnti breytingu á dagskrá, þ.e. röð framsöguenda yrði breytt.

Róbert Ragnarsson frá KPMG fjallar um samstarf sveitarfélaga og sameiningarsveitarfélaga. Tengir erindi vinnu við vinnslutillögu svæðisskipulags. Byggt á niðurstöðu framtíðarsýnar um „meðbyr“, miðað við þau skilyrði felur í sér miklar áskoranir. Spyr hvernig sveitarfélög séu tilbúin í „meðbyr“ og meðvitað hvað þarf til. Samstarf sveitarfélaga getur komið í stað sameininga, felur í sér valdaafsal og er flókið. Valdaafsal felur í sér að fara ekki lengra en sá sem skemmst vill fara. Farið yfir ákvörðunarferla sveitarfélaga og nálgun þeirra. Samstarf sveitarfélaga má flokka í hvort það í því felst valdaafsal eður ei. Mögulegt að einfalda samstarf en flókið vegna mismunandi hagsmuna. Umboðskeðjan, skilgreining, eðli kostir og gallar ræddir. Ef sveitarfélag rekur ekki grunnskóla, þá er það hans mati ekki hægt að skilgreina það sem sveitarfélag sem slíkt, því að það er frumskylda sveitarfélaga að vera með rekstur grunnskóla. Sé þessi forsenda tekin inn þá myndi það einfalda fækkun sveitarfélaga umtalsvert. En hjá því væri ekki horft að sameiningar sveitarfélaga fela einnig í sér áskoranir.

Til máls tóku við umræður Matthías Lýðsson Strandabyggð, Eva Sigurbjörnsdóttir Árneshreppi og Þorgeirs Pálsson Strandabyggð.

Að öðru leiti vísast í upptöku á <https://vimeo.com/1134225505>

Halla Signý Kristjánsdóttir, verkefnastjóri Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða um Samræmda móttöku og inngildingar íbúa af erlendum uppruna. Hún byrjar á að fara yfir hlutfall erlendra borgara á Ísland og lýsir markmiði inngildingar fyrir erlenda borgara og þann lagaramma sem stuðst er við vinnu og markmið við inngildinguna. Hún kynnti síðan stöðu á þátttöku fólks af erlendum uppruna í sveitarstjórnnum og viðhorfskönnun á meðal sveitarstjórna. Að hennar mat þá skipti inngilding mestu ekki síst hjá smæstu sveitarfélögum þar sem munar um hvern einstakling. Við blasi síðan áskorun þegar fólk af erlendum uppruna þarf að fara sækja eldri borgara þjónustu. En á endanum væri það tungumálið sem væri stærsti þáttur í inngildingunni og það er á ábyrgð samfélagsins að halda því á lofti. Halla Signý skorar á þingfulltrúa að huga að þessum málum.

Til máls tóku við umræður Olga Agata Tabaka Bolungarvíkurkaupstað, Bragi Þór Thoroddsen Súðavíkurrepp og Þorgeir Pálsson Strandabyggð.

Að öðru leiti vísast í upptöku á <https://vimeo.com/1134179120>

Erna Lea Bergsteinsdóttir Farsældarfulltrúi Vestfjarða - Farsældarráð Vestfjarða. Byrjar erindi sitt á að fara yfir þá umræðu sem sameinar Vestfirði þ.e. veður og samgöngur. Ná yrði þeirri sameinuðu umræðu yfir á farsældarmálin. Fer yfir skilgreiningar á þjónustustigi, markmiðið er að fá mál inn á fyrstu stigum og vinna úr þeim á því stigi, slæmt að missa mál yfir á annað eða þriðja stig. Sveitarfélög setja í dag mikla fjármuni í skóla og tómstundastarf, spyr hvort sú fjárfesting sé að skila sér nægjanlega. Síðasta tölfræði íslenskra æskulýðsrannsóknna kemur illa út. Frekari útreikningar og greiningar sýna að áhrif af slæmri reynslu úr barnæsku hafa gríðarleg áhrif seinna á lífsleiðinni. Hér kæmi henni forvarnarmál efst í huga sem markmið. Hvetur sveitarfélagsmenn til að huga fjárfestinguna í ungu fólki, sú fjárfesting skilar sér að lokum í bættu samfélagi.

Þingforseti gaf orðið laust, til máls tóku Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir Bolungarvík, Jóhanna Ösp Einarsdóttir Reykhólahreppi, Guðbjörg Stefánía Hafþórsdóttir Bolungarvík, María Rut Kristinsdóttir Þingmaður og Gylfi Ólafsson Ísafjarðarbæ.

Að öðru leiti vísast í upptöku á <https://vimeo.com/1133849487>

Margrét Geirsdóttir, Velferðarþjónustu Ísafjarðarbæ. Byrjar að benda á að ástandið hefði skánað, á flestum sviðum. Fleiri börn vilja búa áfram á Vestfjörðum. Lykilatriðið er barnið og velferð þess í öllu starfi. Á Vestfjörðum eru fjögur félagsþjónustusvið í átta sveitarfélögum sem er ákveðið flækjustig.

Fór yfir þróun samstarfs sveitarfélaganna af tilraunarstigi yfir í samþættan rekstur. Fulltrúaráð velferðarþjónustu á Vestfjörðum fundar að minnsta kosti tvisvar sinnum ári, að hausti og vori. Barnaverndarnefndir á norðanverðum Vestfjörðum hafa unnið saman síðan 2002, og eftir setningu farsældarlaga þá sér Ísafjörður um þriðja stigs mál fyrir Súðavíkurrepp og Bolungarvíkurkaupstað. Velferðarsvið á í virkum samskiptum við opinberar farsældarstofnanir sem eru fjölmargar. Margrét minnir á frumkvæðisskildu gagnvart fötluðum og þá þjónustu sem þeir eiga rétt á. Hún teldi mikilvægt að sveitarfélögin á Vestfjörðum sameinuðust um félagsþjónustuna en ekki að leita út fyrir landshlutann líkt og sveitarfélögin á Ströndum og Reykhólahreppur eru nú með Vesturlandi. Fyrirhuguð breyting á lagaumhverfi varðandi innflytjendur er varhugaverð gagnvart sveitarfélögunum. Innleiðing farsældarlaga hefur gengið vel, en skólar voru ekki tilbúnir í upphafi en er vaxandi, hér þarf samstarf og samtal á milli hagsmunaaðila til að mæta helstur áskorunum.

Þingforseti gaf orðið laust, engin tók til máls.

Að öðru leiti vísast í upptöku á <https://vimeo.com/1134214255>

Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu, fer yfir stöðu samstarfsverkefna sveitarfélaga á Vestfjörðum og helstu áskoranir tengdar Sóknaráætlun landshlutanna. Hún segir að landshlutasamtökin standi reglulega frammi fyrir því að berjast fyrir óbreyttu fjármagni milli ára, þrátt fyrir fjölbreytta starfsemi og umfang verkefna. Á hverju hausti fara landshlutasamtök og svæðisskrifstofur sameiginlega í gegnum ferli til að tryggja áframhaldandi fjármagn til Sóknaráætlana.

Samráð við ráðuneyti sem koma að Sóknaráætlun er sífellt að aukast, en fjárhæðir til nýsköpunarstyrkja eru þó ekki taldar nægilegar miðað við umfang og vinnu sem liggur að baki umsóknum. Sigríður bendir á að fjárlaganefnd hrósar landshlutasamtökunum fyrir gott aðhald í rekstri Sóknaráætlana.

Hún leggur áherslu á að starfsemi Vestfjarðastofu sé viðtæk og byggi á sérfræðikunnáttu á mörgum sviðum, sem sveitarfélög eru hvött til að nýta sér betur.

Sigríður talar um að ráðstafað hefur verið um 4,8 milljörðum króna til yfir 2.000 verkefna. Samráð milli ráðuneyta um byggðamál hefur aukist verulega og sem hún telur vera ákveðinn áfangasigur að takast að vinna í gegnum sílóaskiptingu stjórnkerfisins. Jafnframt styrkist samráð milli landshluta og innan þeirra stöðugt.

Engin tók til máls í umræðum.

Sigríður Kristjánsdóttir kynnir síðan sögu Hnífsdals, byggðar atvinnulífs og áhrif ofanflóða. Gestum er síðan boðið í gönguferð um dalinn og að honum loknum er boðið til móttöku í fiskvinnslu Hraðfrystihússins Gunnvarar í Hnífsdal. Dagurinn endar síðan á hátíðarkvöldverði ásamt dansleik í Félagsheimilinu.

Kl. 16:27 gerir þingforseti hlé á störfum þingsins til morguns kl. 9. Þingforseti kynnir frummælendur og vinnustofu.

Miðvikudagur

Þingforseti setur þingið aftur 09:00 og kynnir dagskrá dagsins.

Nefndarstörf

Þingforseti gefur Sigríði Júlíu Brynleifsdóttir orðið og hún fer yfir fyrirkomulag vinnu í nefndarstörfum. Nefndarstörf hefjast kl. 9:30 með vinnuhópum allsherjarnefndar og Innviðanefndar og er miðað við að þeim ljúki um kl. 11:00. Eftir vinnu allsherjarnefndar og innviðanefndar tekur stjórnskiplagsnefnd við í einni málsstofu og fjárhagsnefnd fundar einnig á sama tíma.

Ávarp formans Sambands Íslenskra Sveitarfélaga

Jón Björn Hákonarson formaður sambandsins ávarpar þingið sem byrjar á að þakka gott boð um að fá að koma og ávarpa þingið. Jón Björn óskar FV til hamingju á 70. afmælisárinu og minnst á að Sambandið fagni einnig 80 ára afmæli. Jón Björn kynnir þá fundi sem Sambandið stendur fyrir og

varða lýðræðislega umræðu og samstarf. Hann segir einnig frá markmiðum vetrarins og áherslur er varða hagsmuni sveitarfélaga og samtali við ríkisvaldið.

Sambandið er til fyrir sveitarfélög og er vettvangur samstarfs, samráðs og stuðnings. Jón Björn hvetur sveitastjórnarfólk til að setja sig vel inn í málaflokka og skipta reglulega um nefndir til að efla þekkingu og breidd í starfi.

Opnað er fyrir umræður. Til máls taka Gylfi Ólafsson Ísafjarðarbæ og Gerður Björk Sveinsdóttir Vesturbyggð. Fleiri taka ekki til máls. Að öðru leiti vísast í upptöku á <https://vimeo.com/1133841507>

Nefndarstörf hefjast 09:30

Þingforseti setur fund kl.11:20 og tilkynnir að stjórnskipulagsnefnd taki nú til starfa. Stjórnskipunarnefnd líkur störfum kl. 12:02.

Þingforseti kynnir að Fjárhagsnefnd tekur til starfa kl.12:03, Bragi Þór Thoroddsen tekur til máls og kynnir að engar athugasemdir hafi borist við fjárhagsáætlun og hún telst tilbúinn til atkvæðagreiðslu. Fjárhagsnefnd líkur störfum kl.12:04.

Afgreiðsla ályktana

Þingforseti kynnir að hún gefi nú varáþingforseta stjórn þingsins.

Varáþingforseti setur þing á nýju kl.12:06. Sigríður Júlía Brynleifsdóttir formaður innviðahóps allsherjarnefndar gerir grein fyrir störfum nefndarinnar og flytur tillögur af ályktunum.

Ályktun stjórnar, Vestfirðir áfram Gullkista - Þingskjal 18, áður 7. Þingforseti gefur orðið laust. Til máls tekur Matthías Lýðsson Strandabyggð. Fleiri kveða sér ekki hljóðs. Ályktun borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða.

Ályktun um samgönguverkefni á Vestfjörðum - Þingskjal 19, áður 8. Þingforseti gefur orðið laust. Til máls taka Eva Sigurbjörnsdóttir Árneshreppi, Bragi Þór Thoroddsen Súðavíkurreppi, Þorgeir Pálsson Strandabyggð og Aðalsteinn Óskarsson FV. Fleiri kveða sér ekki hljóðs. Ályktun borin upp til atkvæða og samþykkt með meirihluta greiddra atkvæða.

Ályktun um Vetrarþjónustu Vegagerðirnar í Strandabyggðs - Þingskjal 20, áður 9. Þingfresti gefur orðið laust. Þorgeir Pálsson tekur til máls og gerir grein fyrir tillögunni. Til máls taka einnig Bragi Þór Thoroddsen Súðavíkurrepp og Jóhanna Ösp Einarsdóttir Reykhólahrepp. Fleiri kveða sér ekki hljóðs. Ályktun borin upp til atkvæða og samþykkt með meirihluta greiddra atkvæða.

Ályktun um stöðu fjarskiptamála á Vestfjörðum - Þingskjal 21, áður 10. Þingforseti gefur orðið laust. Til máls taka Matthías Lýðsson Strandabyggð og Jón Arnason Vesturbyggð. Gerður Björk Sveinsdóttir tekur til máls og vill strangara orðalag í tillögu „krefst“ í stað „óskar“, breytingar tillaga samþykkt. Fleiri kveða sér ekki hljóðs. Ályktun borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða.

Tillaga að ályktum um Strandabyggð sem þjónustumiðstöð Stranda og Djúps - Þingskjal 22, áður 11. Tillaga er ekki afgreidd í nefnd en send til umræðu á þingi. Þingforseti gefur orðið laust. Til máls taka Þorgeir Pálsson Strandabyggð, Gylfi Ólafsson Ísafjarðarbæ, Hrefna Jónsdóttir Reykhólum, Þórkatla Ólafsdóttir Vesturbyggð og Matthías Lýðsson Strandabyggð. Fleiri kveða sér ekki hljóðs. Ályktun borin upp til atkvæða. Tillaga felld með meirihluta greiddra atkvæða. (15% já, 19% nei og 43% sat hjá)

Varáþingforseti boðar þinghlé kl. 12:50 vegna hádegisverðar í 30 mínútur.

Varáþingforseti kynnir að þingforseti taki nú við stjórn þingsins og þingforseti setur fund að nýju kl. 13:28

Ályktun um aukið samstarf í fræðslumálum á Vestfjörðum - Þingskjal 23, áður 12. Þingforseti gefur orðið laust. Hrefna Jónsdóttir Reykhólahreppur, tekur máls og gerir grein fyrir tillögu. Fleiri kveða sér ekki hljóðs, samþykkt samhljóða.

Atvinnuvegahópur allsherjarnefndar gerir grein fyrir störfum nefndarinnar og flytur tillögur af ályktunum.

Ályktun um kræklingarækt - Þingskjal 24, áður 13. Þingforseti gefur orðið laust. Enginn kveður sér hljóðs. Ályktun borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða.

Ályktun um frumvarp um setningu laga um lagareldi - Þingskjal 25, áður 14. Þingforseti gefur orðið laust. Jón Páll Hreinsson tekur til máls og gerir grein fyrir atkvæði sínu. Fleiri kveða sér ekki hljóðs. Ályktun borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða.

Ályktun um byggðakvóta - Þingskjal 26, áður 15. Þingforseti gefur orðið laust. Til máls taka Aðalsteinn Óskarsson og Sigríður Júlía Brynleifsdóttir. Fleiri kveða sér ekki hljóðs. Ályktun borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða.

Ályktun um innviðagjöld - Þingskjal 27, áður 16. Þingforseti gefur orðið laust. Enginn kveður sér hljóðs. Ályktun borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða.

Ályktun um fyrirhugaðar breytingar á eftirliti með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum - Þingskjal 28, áður 17. Þingforseti gefur orðið laust. Enginn kveður sér hljóðs. Ályktun borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða.

Bragi Þór Thoroddsen gerir grein fyrir ályktunum fjárhagsnefndar

Ályktanir fjárhaganefndar - Þingskjöl 5a, 5b, 5c, 5d og 5e. Þingforseti gefur orðið laust. Enginn kveður sér hljóðs. Ályktun borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða.

Ólafur Þór Ólafsson gerir grein fyrir ályktun úr stjórnskipulagsnefnd

Ályktun um breytingu á 2. málsgrein 4. gr. samþykktu FV - Þingskjal 29. Þingforseti gefur orðið laust. Ólafur Þór Ólafsson gerir grein fyrir umræðum nefndarinnar og framlagðri tillögu um millipinganefnd. Enginn kveður sér hljóðs. Ályktun borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða. Borin upp tillaga um að vísa til fyrri tillögu sem viðhengi til vinnslu millipinganefndar, sú tillaga einnig samþykkt.

Kosning formans innviðanefndar

Sigríður Júlía Brynleifsdóttir gerir grein fyrir niðurstöðu kjörnefndar um nýjan formann innviðanefndar. Kjörnefnd gerir að tillögu sinni að kjörin verði Jón Árnason, Vesturbyggð. Þingforseti kannar hvort aðrar tillögur séu að formanni, aðra tillögur koma ekki fram. Kjör Jóns samþykkt með lófaklappi.

Önnur mál

Matthías Lýðsson tók til máls og kynnti að þetta yrði líklega hans síðasta Fjórðungsþing. Af þessu þingi væri honum efst í huga efni erindi Ernu Leu og stöðu og hugarástand ungmenna á Vestfjörðum. Hann þakkaði svo samskipti og samstarf í gegnum árin, með sveitarstjórnarfulltrúum á Vestfjörðum og starfsmönnum Vestfjarðastofu og óskaði öllum velfarnaðar.

Olga Agata Takata Bolungarvík þakkar fundinum tillitssemina við nýfædda dóttur hennar sem var með á þinginu.

Ekki fleiri taka til máls og dagskrá þingsins er því tæmd.

Þingforseti þakkar þingfulltrúum traustið og samstarfið. Hún þakkar starfsfólki Fjórðungssambandsins og gestgjöfum. Þingforseti óskar leyfi þingsins til að þingritarar og þingforseti gangi frá þinggerð, samþykkt með lófaklappi.

Gylfi Ólafsson, formaður Fjórðungsþings Vestfjarða tekur við og þakkar starfsfólki þingsins fyrir vel unnin störf og sveitastjórnarmönnum fyrir samstarfið en á næsta ári eru sveitastjórnakosningar og því breytingar í vændum.

Formaður slítur þinginu kl 13:54.

Steinunn Guðný Einarsdóttir
þingforseti

Magnús Þór Bjarnason
þingritari

Steinunn Ása Sigurðardóttir
þingritari

Þingskjöl 70. Fjórðungsþings Vestfirðinga að hausti

Þingskjál 1, Dagskrá

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/70thing/70haust/dagskra-thingskjal-1-uppfaerd1.pdf>

Þingskjál 2, Atkvæðavægi

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/70thing/70haust/thingskjal-2-atkvaedavaegi-2025-1-.pdf>

Þingskjál 3, Samþykktir og þingsköp

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/70thing/70vor/samthykkir-og-thingsk-19.okt2024.pdf>

Þingskjál 4, Skýrsla stjórnar

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/70thing/70haust/avarp-formanns-70.-fj.thing-ad-hausti.pdf>

Þingskjál 5a, Tillaga um laun stjórnar og nefnda

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/70thing/70haust/thingskjal-5a-tillaga-um-laun-stjornar-og-nefnda.pdf>

Þingskjál 5b, Tillaga að árstíllagi

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/70thing/70haust/thingskjal-5b-tillaga-ad-arstillagi.pdf>

Þingskjál 5c, Tillaga um fjárhagsáætlun 2026

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/70thing/70haust/thingskjal-5c-tillaga-fjarhagsaaetlun-2026.pdf>

Þingskjál 5d, Tillaga um fjárhagsáætlun til þriggja ára

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/70thing/70haust/thingskjal-5d-tillaga-fjarhagsaaetlun-til-thriggja-ara.pdf>

Þingskjál 5e, Greinagerð fjárhagsáætlun 2026 og þriggja ára áætlun

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/70thing/70haust/thingskjal-5e-greinargerd-tillogu-fjarhagsaaetlunar-2026-og-3-ara-aaetlun.pdf>

Þingskjál 6, Tillaga um breytingu samþykta FV (atkvæðavægi)

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/70thing/70haust/thingskjal-6-tillaga-ad-breytingu-samthykta-fv-atkvaedavaegi.pdf>

Þingskjál 7, Tillaga að ályktun stjórnar, Vestfirðir áfram gullkista

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/70thing/70haust/thingskjal-7-tillaga-ad-alyktun-stjornar-vestfirdir-af-ram-gullkista.pdf>

Þingskjál 8, Tillaga að ályktun um forgangsroðun samgönguverkefna á Vestfjörðum

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/70thing/70haust/thingskjal-8-tillaga-ad-alyktun-um-forgangsrodun-samgonguverkefna-a-vestfjordum.pdf>

Þingskjál 9, Tillaga að ályktun um vetrarþjónustu Vegagerðarinnar í Strandabyggð

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/70thing/70haust/thingskjal-9-tillaga-ad-alyktun-um-vestrarthjonustu-vegagerdarinnar-i-strandabyggd.pdf>

Þingskjál 10, Tillaga að ályktun stöðu fjarskiptamála á Vestfjörðum

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/70thing/70haust/thingskjal-10-tillaga-ad-alyktun-um-stodu-fjarskiptamala-a-vestfjordum.pdf>

Þingskjal 11, Tillaga að ályktun um Strandabyggð sem þjónustumiðstöð Stranda og við Djúp
<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/70thing/70haust/thingskjal-11-tillaga-ad-alyktun-um-strandabyggd-sem-thjonustumidstod-stranda-og-vid-djup.pdf>

Þingskjal 12, Tillaga að ályktun um aukið samstarf í fræðslumálum á Vestfjörðum
<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/70thing/70haust/thingskjal-12-tillaga-ad-alyktun-um-aukid-samstarf-i-fraedslumalum-a-vestfjordum.pdf>

Þingskjal 13, Tillaga að ályktun um kræklingarækt
<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/70thing/70haust/thingskjal-13-tillaga-ad-alyktun-um-kraeklingaraekt.pdf>

Þingskjal 14, Tillaga að ályktun um setningu laga um lagareldi
<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/70thing/70haust/thingskjal-14-tillaga-ad-alyktun-um-setningu-laga-im-lagareldi.pdf>

Þingskjal 15, Tillaga að ályktun um byggðakvóta
<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/70thing/70haust/thingskjal-15-tillaga-ad-alyktun-um-byggdakvota.pdf>

Þingskjal 16, Tillaga að ályktun innviðagjöld
<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/70thing/70haust/thingskjal-16-tillaga-ad-alyktun-um-innvidagjold.pdf>

Þingskjal 17, Tillaga að ályktun um fyrirhugaðar breytingar á eftirliti með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum
<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/70thing/70haust/thingskjal-17-tillag-ad-alyktun-um-fyrirhugadar-breytingar-a-eftirliti-med-hollustuhattum-mengunarvornun-og-matvaelum.pdf>

Þingskjal 18, Ályktun stjórnar, Vestfirðir áfram gullkista
<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/70thing/70haust/thingskjal-18-alyktun-stjornar-vestfirdir-afram-gullkista.pdf>

Þingskjal 19, Ályktun um samgönguverkefni á Vestfjörðum
<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/70thing/70haust/thingskjal-19-alyktun-um-forgangsrodun-samgonguverkefna-a-vestfjordum.pdf>

Þingskjal 20, Ályktun um vetrarþjónustu Vegagerðarinnar í Strandabyggð
<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/70thing/70haust/thingskjal-20-alyktun-um-vetrarthjonustu-vegagerdarinnar-i-strandabyggd.pdf>

Þingskjal 21, Ályktun um stöðu fjarskiptamála á Vestfjörðum
<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/70thing/70haust/thingskjal-21-alyktun-um-stodu-fjarskiptamala-a-vestfjordum.pdf>

Þingskjal 22, áður 11. Tillaga að ályktun felld

Þingskjal 23, Ályktun um aukið samstarf í fræðslumálum á Vestfjörðum
<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/70thing/70haust/thingskjal-23-alyktun-um-aukid-samstarf-i-fraedslumalum-a-vestfjordum.pdf>

Þingskjal 24, Ályktun um kræklingarækt
<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/70thing/70haust/thingskjal-24-alyktun-um-kraeklingaraekt.pdf>

Þingskjal 25, Ályktun um setningu laga um lagareldi
<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/70thing/70haust/thingskjal-25-alyktun-um-setningu-laga-um-lagareldi.pdf>

Þingskjal 26, Ályktun um byggðakvóta

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/70thing/70haust/thingskjal-26-alyktun-um-byggdakvota.pdf>

Þingskjal 27, Ályktun innviðagjöld

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/70thing/70haust/thingskjal-27-alyktun-um-innvidagjold.pdf>

Þingskjal 28, Ályktun um fyrirhugaðar breytingar á eftirliti með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/70thing/70haust/thingskjal-28-alyktun-um-fyrirhugadar-breytingar-a-eftirliti-med-hollustuhattum-mengunarvornun-og-matvaelum.pdf>

Þingskjal 29, Ályktun um breytingu samþykktu FV (atkvæðavægi)

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/70thing/70haust/thingskjal-6-tillaga-ad-breytingu-samthykkta-fv-atkvaedavaegi.pdf>

Þingskjal 30a, Laun stjórnar og nefnda FV 2025-2026

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/70thing/70haust/thingskjal-30a-laun-stjornar-og-nefnda-fv-2025-2026.pdf>

Þingskjal 30b, Árstíllag sveitarfélaga 2026 til FV

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/70thing/70haust/thingskjal-30b-arstillagi.pdf>

Þingskjal 30c, Fjárhagsáætlun FV 2026

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/70thing/70haust/thingskjal-30c-fjarhagsaaetlun-fv-2026.pdf>

Þingskjal 30d, Fjárhagsáætlun FV til þriggja ára

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/70thing/70haust/thingskjal-30d-thriggja-ara-fjarhagsaaetlun-fv.pdf>

Þingskjal 30e, Greinargerð fjárhagsáætlun 2026 og þriggja ára áætlun

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/70thing/70haust/thingskjal-30e-greinargerd-tillogu-fjarhagsaaetlunar-2026-og-3-ara-aaetlun.pdf>